

að lóð hins frakkneska konsúlsbústaðar, þannig að hann hafi aðgang að veginum beggja vegna eftir þörfum, með því skilyrði, að greiða tiltölulegan hluta af viðhaldskostnaði vegarins. Að öðru leyti á bæjarþingsdómurinn að vera óraskaður. Áfrýjandi J. P. Brillouin konsúll greiði stefnda 30 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagri lagaaðför.

Nr. 39/1910:

Einar M. Jónasson
 gegn
 Runólfi E. Sverrissen.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði áfrýjandinn Einar M. Jónasson yfirréttarmálaflutningsmaður fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu 3. febr. þ. á. gegn stefnda Runólfi E. Sverrissen, til greiðslu á 160 kr. skuld með 6 0/10 vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags auk málskostnaðar, og var málið dæmt í bæjarþinginu 19. maímán. þ. á., á þá leið, að stefndi var algjörlega sýknaður og málskostnaður látinn falla niður. Bæjarþingsdómi þessum hefir Einar M. Jónasson skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 13. júní þ. á., og krafist þess, að dóminum verði breytt þannig, að áfrýjanda verði tildæmd hin umstefnda skuld ásamt

vöxtum, eins og hann hefir krafist þess fyrir undirréttinum, og að honum auk þess verði dæmdur málskostnaður fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins. Stefndi Runólfur E. Sverrissen hefir af sinni hálfu krafist þess, að undirréttardómurinn verði látinn óraskaður standa, og að áfryjandinn verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Skuldakrafa áfryjanda tjáist vera sprottin af makaskiftum á húseignum, er stefndi gjörði við Sveinbjörn nokkurn Stefánsson, og hefir Sveinbjörn þessi með skjali, dags. 28. janúar 1910, lýst því yfir, að hann »hafi yfirdregið til fullrar eignar og umráða« til áfryjanda allan kröfurétt sinn á stefnda út af áminstum makabýttum, og segir hann að krafan sé um eða yfir 150 kr. auk vaxta. Stefndi vill þó eigi kannast við að Sveinbjörn hafi átt hjá sér nokkurt fé út af greindum makaskiftum; hefir hann lagt fram yfirlit eða skýrslu um makaskiftin, og samkvæmt henni telur hann til skuldar hjá Sveinbirni, er nemur 87 kr.. Að vísu hefir áfryjandi af sinni hálfu lagt fram aðra skýrslu yfir makaskiftareikninginn og telur hann eftir henni Sveinbjörn eiga til góða hjá stefnda kr. 154.51 aur. Eftir gögnum málsins og málsfærslunni verða reikningsskýrslur þessar eigi samrýmdar. En áður nefndur Sveinbjörn Stefánsson hefir með skjali, dags. 18. desbr. 1907, eða rúmu ári eftir að téð makaskifti voru um garð gengin, lýst því yfir, að Runólfur E. Sverrissen, stefndi í þessu máli, hafi aldrei skuldað sér annað en 240 kr., sem viðurkennt er að hann síðar losaðist við, og að Runólfur skuldi sér því þá (18. desbr. 1907) ekki svo mikið sem 2 aura, og sé því hvert það framsal af sinni hálfu, er fram kynni að koma og dagsett væri fyrir 18.

desbr. 1907, markleysa og ósannindi. Þessari yfirlýsingu Sveinbjarnar, sem verður að teljast hafa verið fullkomin kvittun til stefnda fyrir margnefndum makaskiftaviðskiftum, hefir áfrýjandi ekki getað hrundið, og það er viðurkennt, að Sveinbjörn hefir gefið hana til handa stefnda. Áfrýjandi getur því eigi gjört kröfur á hendur stefnda út af makaskiftunum, er bygðar séu á afsali Sveinbjarnar Stefánssonar. Það verður því að fallast á það, að stefndi er sýknaður með undirréttardóminum, og með því að málskostnaðarákvæði dóms þessa samþykkjast, verður að staðfesta hann í öllum greinum. Eftir þessum úrslitum getur áfrýjandi eigi komist hjá að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 20 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn skal vera óraskaður. Áfrýjandinn Einar M. Jónasson greiði stefnda Runólfi E. Sverrissen málskostnað fyrir yfirdómi 20 kr., er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 3. d. októbermán.

Nr. 12/1910:

O. W. Olsen
gegn

bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar.

D ó m u r:

Þegar mál þetta samkvæmt áfrýjunarstefnu dags. 16.